

Lög

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- Á eftir a-lið 1. mgr. kemur nýr stafliður, b-liður, svohljóðandi: hefur heilsu til að taka starfi eða taka þátt í virkum vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. þó 5. mgr.
- Í stað tilvísunarinnar „skv. h-lið 1. mgr.“ í 2. mgr. kemur: skv. 1. mgr., þar á meðal um tilfallandi veikindi.
- Í stað tilvísunarinnar „b-, d- og e-liðar“ í 4. mgr. kemur: c-, e- og f-liðar.
- Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, 5. mgr., svohljóðandi:

Hinn tryggði telst vera í virkri atvinnuleit þrátt fyrir tilfallandi veikindi í allt að fimm daga samtals sem heimilt er að nýta að hámarki í tvennu lagi á hverju tólf mánaða tímabili enda hafi hinn tryggði verið skráður innan kerfisins í fimm mánuði samtals frá fyrstu skráningu á sama tímabili, sbr. 29. gr. Hinn tryggði skal tilkynna um upphaf og lok veikinda til Vinnumálastofnunar án ástæðulausrar tafar. Skal hann jafnframt skila inn læknisvottorði innan viku frá því að veikindum lauk óski Vinnumálastofnun eftir því.
- Í stað tilvísunarinnar „h-lið“ í 6. mgr., sem verður 7. mgr., kemur: i-lið.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

- Við 2. málsl. 1. mgr. bætist: sem og sá tími er viðurlög skv. XI. kafla standa yfir.
- Við 3. málsl. 1. mgr. bætist: og um þann tíma er tilfallandi veikindi standa yfir skv. 5. mgr. 14. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:

- Í stað tilvísunarinnar „skv. h-lið 1. mgr. 14. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skv. 14. gr.
- Orðið „vísvitandi“ í 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða V í lögunum:

- a. Í stað hlutfallstölnunnar „20%“ í 2. mgr. kemur: 30%.
- b. Í stað 6. og 7. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
 Ákvæði þetta gildir til 30. júní 2011. Þrátt fyrir 2. mgr. geta þeir sem þegar hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli ákvæðis þessa fyrir 1. janúar 2011 samhliða allt að 29% skertu starfshlutfalli fengið áfram greiddar atvinnuleysisbætur á gildistíma ákvæðisins.

5. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2010“ í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum kemur: 30. júní 2011.

6. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. mgr. 29. gr. getur sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hefur í fyrsta skipti fengið greiddar atvinnuleysisbætur frá og með 1. mars 2008 eða síðar átt rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta í tólf mánuði til viðbótar frá þeim degi er tímabili skv. 1. mgr. 29. gr. lauk enda uppfylli hann áfram skilyrði laga þessara nema annað leiði af þeim.

Þrátt fyrir 30. gr. getur sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur samtals í fjögur ár skv. 1. mgr. áunnið sér rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins að nýju að liðnum 24 mánuðum enda hafi hann starfað á vinnu- markaði í a.m.k. sex mánuði eftir að fyrra tímabili lauk og misst starf sitt af gildum ástæðum. Hefst þá nýtt tímabil skv. 29. gr. en að öðru leyti gilda ákvæði III. og IV. kafla um skilyrði atvinnuleysistryggingar hins tryggða eftir því sem við getur átt.

Ákvæði 1. mgr. gildir til 31. desember 2011.

II. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra,
með síðari breytingum.**

7. gr.

Á eftir orðunum „fyrir aldraða rekstrarárin“ í ákvæði til bráðabirgða VII í lögunum kemur: 2011.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011. Þó öðlast 1. og 2. gr. ekki gildi fyrr en 1. mars 2011.

Samþykkt á Alþingi 18. desember 2010.